



Tilmæli 23/2016

Fyrri númer:
A 1682/velfærd

Afgreiðsla:
Norraena velferðarnefndin

Fylgiskjal:
Nefndartillaga um flóttabörn
sem koma ein síns liðs

Málsnúmer: 16-00080-21

Fylgdarlaus flóttabörn

Samkvæmt 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 3. nóvember 2016 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að lágmarka biðtíma í afgreiðslu hælisumsókna flóttabarna sem koma ein síns liðs (A);

að á meðan flóttabörn sem koma ein síns liðs bíða eftir niðurstöðu í máli þeirra sé þeim boðið upp á kennslu, frístundastarf og önnur tilboð sem henta hverju barni fyrir sig (B);

að samræma norrænar skráningar hælisleitandi barna sem tekið er á móti (C);

að engum börnum sem koma ein síns liðs verði vísað úr landi nema tryggt sé að þeirra bíði ættingjar eða aðrir aðstandendur sem hafa bæði vilja og getu til að taka á móti þeim (D);

að leggja áherslu á að tungumálakennsla hefjist snemma og að henni sé haldið áfram í því skyni að stuðla að góðri aðlögun (D);

að stuðla að þróun betri og öruggari læknisfræðilegra aðferða til að meta aldur hælisleitandi barna og að matið verði gert af óháðu fagfólki með hæfni á þessu sviði og þekkingu á uppruna og menningu (F);

að efla þátttöku frjálsra félagasamtaka í umönnun hælisleitandi barna sem koma ein síns liðs (G);

að tryggja að hælisleitandi börn hafi frjálstan aðgang að læknis- skoðun, læknishjálp og sálfræðiaðstoð ásamt lögfræðiráðgjöf um réttindi sín (H);

að rannsaka mál horfinna hælisleitandi barna á sama hátt og annarra horfinna einstaklinga (I).

Kaupmannahöfn, 11. nóvember 2016

Henrik Dam Kristensen
Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin
Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð

Tilmæli 23/2016

Fyrri númer:
A 1682/velfærd

Afgreiðsla:
Norræna velferðarnefndin

Fylgiskjal:
Nefndartillaga um flóttabörn
sem koma ein síns liðs

Málsnúmer: 16-00080-21